

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. október 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 709

15. október 1999

REGLUR

um tilkynningarfrest slysa samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Tilkynning um slys.

Þegar að höndum ber slys sem ætla má bótaskyld samkvæmt III. kafla laga um almannatryggingar nr. 117/1993 (slysatryggingar) skal atvinnurekandi eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins. Tilkynningin skal vera í því formi sem stofnunin ákveður. Utan Reykjavíkur má þó senda tilkynningu til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans og lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunar ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

Hinum slasaða eða þeim öðrum sem vilja gera kröfu til bóta vegna slyssins ber að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni sé fullnægt og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna.

2. gr.

Tilkynningarfrestur.

Ef sá sem átti að tilkynna um slys hefur vanrækt það skal það eigi vera því til fyrirstöðu að sá sem fyrir slysinu varð eða eftirlátnir vandamenn hans geti gert kröfu til bóta ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slys bar að höndum. Tilkynningarfrestur er því eitt ár frá slysdegi. Heimilt er þó að greiða bætur samkvæmt reglum þessum þótt liðið sé ár frá því að slys bar að höndum ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

3. gr.

Skilyrði þess að fallið sé frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests.

Skilyrði þess að fallið sé frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests er að fyrir liggja öll nauðsynleg gögn sem varpað geta ljósi á málið, þar með talið gögn frá þeim lækni sem sá slasaða fyrst eftir slys eða þeirri sjúkrastofnun sem hann leitaði fyrst til, svo og gögn um fyrra heilsufar slasaða. Jafnframt er skilyrði að fyrir liggja læknisfræðilegt mat á orsakasambandi, þ.e. að unnt sé að meta orsakasamband slyssins og heilsutjóns slasaða.

Almennt skal ekki fallið frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests þegar liðið hafa meira en 10 ár frá því að slys bar að höndum og þar til það er tilkynnt til Tryggingastofnunar.

4. gr.

Fyrning bótaréttar.

Bætur slysatrygginga almannatrygginga eru sjúkrahjálpar, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

Bætur vegna sjúkrahjálpar, dagpeninga og dánarbætur skal aldrei úrskurða lengra aftur í tímann en tvö ár frá þeim tíma þegar slysið var tilkynnt til Tryggingastofnunar. Tímamark þetta gildir ekki að því er varðar slysalífeyri. Krafa um endurgreiðslu reikninga vegna sjúkrahjálpar fynnist á fjórum árum.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 2. ml. 2. mgr. 23. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og taka þegar gildi.

Tryggingastofnun ríkisins, 15. október 1999.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorporkustöð Vestmannaeyja.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorporkustöð Vestmannaeyja, kt. 580298-2309. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 2003.

Reykjavík, 19. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík.

Háskóli Íslands, austursvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 28. september 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir Háskóla Íslands, austursvæði.

Uppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. október 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.